

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/2395

2020/EES/42/06

frá 12. desember 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag til að milda áhrifin á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar IFRS-staðals 9 og fyrir meðhöndlun tiltekinna áhættuskuldbindinga opinberra aðila gefnum upp í heimagjaldmiðli aðildarríkis sem stórra áhættuskuldbindinga (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDBSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(2)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 24. júlí 2014 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS-staðal 9, fjármálagerningar (IFRS 9). Með IFRS-staðli 9 er stefnt að því að bæta reikningsskil vegna fjármálagerninga með því að takast á við málefni sem upp komu á þessu sviði í fjármálakreppunni. Einkum er með IFRS-staðli 9 brugðist við þeirri kröfu G20-hópsins að taka upp aðferð við færslu áætlaðs útlánataps af fjáreignum sem lítur betur til framtíðar. Í tengslum við færslu áætlaðs útlánataps af fjáreignum kemur hann í staðinn fyrir alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IAS-staðal 39.
- 2) Framkvæmdastjórnin samþykkti IFRS-staðal 9 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2067 <sup>(4)</sup>. Í samræmi við þá reglugerð eiga lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki („stofnanir“) sem nota IFRS-staðal til að undirbúa reikningsskil sín að beita IFRS-staðli 9 frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar.
- 3) Notkunin á IFRS-staðli 9 getur leitt til skyndilegrar og umtalsverðrar hækkunar í varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps og þar af leiðandi til skyndilegrar lækkunar á almennu eigin fé þáttar 1 stofnunar. Enda þótt Baselnefndin um bankæftirlit sé nú að skoða reglusetningu um varúðarniðurfærslur vegna áætlaðs útlánataps til lengri tíma ætti að innleiða umbreytingarfyrirkomulag í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(5)</sup> til að milda þau mögulega miklu og veruleg neikvæð áhrif á almennt eigið fé þáttar 1 sem stafa af reikningsskilum vegna áætlaðs útlánataps.
- 4) Í ályktun sinni frá 6. október 2016 um alþjóðlega reikningsskilastaðla: IFRS-staðal 9 <sup>(6)</sup>, kallaði Evrópuþingið eftir regluverki, sem stighækkandi og í áföngum mildaði áhrifin af hinu nýja virðisrýrnunarlíkani IFRS-staðals 9.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 99, 12.12.2019, bls. 1.

(1) Álit frá 8. nóvember 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(2) Stjtið. ESB C 209, 30.6.2017, bls. 36.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 30. nóvember 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 7. desember 2017.

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2067 frá 22. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 9 (Stjtið. ESB L 323, 29.11.2016, bls. 1).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(6) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

- 5) Ef upphafsefnahagsreikningur stofnunar daginn sem hún beitir fyrst IFRS-staðli 9 sýnir lækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem afleiðingu af hækkun varúðarniðurfærslna vegna áætlaðs útlánataps, þ.m.t. niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreignanna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðauka A við IFRS-staðal 9 og fram kemur í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 <sup>(1)</sup> („Viðauki sem varðar IFRS-staðal 9“), í samannburði við lokaefnahagsreikning dagsins á undan, ætti stofnuninni að vera heimilt að taka með í sitt almenna eigið fé þáttar 1 hluta af hækkun varúðarniðurfærslunum vegna áætlaðs útlánataps á umbreytingartímabili. Það umbreytingartímabil ætti að vera að hámarki 5 ár og ætti að hefjast 2018. Hluti varúðarniðurfærslna vegna áætlaðs útlánataps, sem taka má með í almennt eigið fé þáttar 1, ætti að lækka yfir tíma niður í núll til að tryggja innleiðingu IFRS-staðals 9 að fullu strax daginn eftir að umbreytingartímabilinu lýkur. Áhrifin af varúðarniðurfærslunum vegna áætlaðs útlánataps á almennt eigið fé þáttar 1 ættu ekki að jafnast út að fullu á umbreytingartímabilinu.
- 6) Stofnanir ættu að ákveða hvort beita eigi þessu umbreytingarfyrirkomulagi og upplýsa lögbæra yfirvaldið til samræmis við það. Á umbreytingartímabilinu ætti stofnun að hafa þann möguleika í eitt skipti að draga til baka upphaflega ákvörðun sína, með fyrirvara um fyrirframleyfi lögbæra yfirvaldsins, sem ætti að tryggja að slík ákvörðun ráðist ekki af sjónarmiðum um eftirlitshögnun.
- 7) Þar sem varúðarniðurfærslur vegna áætlaðs útlánataps, sem gerðar eru daginn eftir að stofnun beitir fyrst IFRS-staðli 9, gætu hækkað óvænt vegna versnandi þjóðhagshorfa ætti að veita stofnunum aukið svigrúm í slíkum tilvikum.
- 8) Stofnanir sem ákveða að beita umbreytingarfyrirkomulagi ættu að vera krafðar um að leiðrétta útreikninginn á reglubundnum liðum sem verða fyrir beinum áhrifum af varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps, til að tryggja að þær fái ekki óviðeigandi eiginfjársvigrúm. Til dæmis ætti sértæka leiðréttingin á útlánaáættu sem virði áhættuskuldbindingar er lækkað eftir, samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáættu, að vera lækkuð með stuðli sem hefur þau áhrif að hækka virði áhættuskuldbindingarinnar. Þetta mun tryggja að stofnun hagnast ekki bæði af hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 vegna umbreytingarfyrirkomulags og af lækkun á virði áhættuskuldbindingar.
- 9) Stofnanir sem ákveða að beita umbreytingarfyrirkomulagi IFRS-staðals 9, sem tilgreint er í þessari reglugerð, ættu opinberalega að birta upplýsingar um eiginfjárgrunn sinn, eiginfjárlutföll og vogunarhlutföll, bæði með og án beitingar á þessu fyrirkomulagi til að gera almenningi kleift að ákvarða áhrifin af þessu fyrirkomulagi.
- 10) Einnig þykir rétt að mæla fyrir um umbreytingarfyrirkomulag fyrir undanþáguna frá takmörkum stórrar áhættuskuldbindingar sem gildir fyrir áhættuskuldbindingar vegna tiltekinna opinberra skulda aðildarríkja sem gefnar eru upp í heimagjaldmiðli aðildarríkis. Umbreytingartímabilið ætti að vara í 3 ár og byrja 1. janúar 2018 fyrir áhættuskuldbindingar af þessari gerð sem stofnað var til 12. desember 2017 eða síðar, á meðan áhættuskuldbindingar af þessari gerð sem stofnað var til fyrir þann dag ættu að falla undir eldri reglur og áfram njóta góðs af undanþágunni fyrir stórar áhættuskuldbindingar.
- 11) Til að mögulegt sé að beita umbreytingarfyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð frá og með 1. janúar 2018 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
- 12) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.

<sup>(1)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjútíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

## 1) Eftirfarandi grein bætist við:

„473. gr. a

**Innleiðing IFRS-staðals 9**

1. Þrátt fyrir ákvæði 50. gr. og þar til við lok umbreytingartímabilsins sem sett er fram í 6. mgr. þessarar greinar geta eftirfarandi stofnanir tekið með í sitt almenna eigið fé þáttar 1 fjárhæðina sem reiknuð er út í samræmi við þessa málsgrein:

- a) stofnanir sem undirbúa reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem samþykktir voru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002,
- b) stofnanir sem, skv. 2. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar, beita mati á eignum og liðum utan efnahagsreiknings og ákvörðuninni um eiginfjárgrunn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir voru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002,
- c) stofnanir sem beita mati á eignum og liðum utan efnahagsreiknings í samræmi við reikningsskilastaðla samkvæmt tilskipun 86/635/EEB og sem nota sama líkan vegna áætlaðs útlánataps og það sem notað er í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem samþykktir voru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Fjárhæðin sem um getur í fyrstu undirgrein skal reiknuð út sem samtalan af eftirfarandi:

- a) fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir áhættuvog í samræmi við 2. kafla II. bóls þriðja hluta, fjárhæðin ( $AB_{SA}$ ) reiknuð út í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$AB_{SA} = (A_{2,SA} + A_{4,SA} - t) \cdot f$$

þar sem:

$A_{2,SA}$  = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 2. mgr.,

$A_{4,SA}$  = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr., á grundvelli fjárhæðanna sem reiknaðar eru í samræmi við 3. mgr.,

$f$  = gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr.,

$t$  = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðirnar  $A_{2,SA}$  og  $A_{4,SA}$  sem skattfrádrátt,

- b) fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir áhættuvog í samræmi við 3. kafla II. bóls þriðja hluta, fjárhæðin ( $AB_{IRB}$ ) reiknuð út í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$AB_{IRB} = (A_{2,IRB} + A_{4,IRB} - t) \cdot f$$

þar sem:

$A_{2,IRB}$  = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 2. mgr., aðlöguð í samræmi við a-lið 5. mgr.,

$A_{4,IRB}$  = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr., byggðri á fjárhæðunum sem reiknaðar eru í samræmi við 3. mgr. sem eru aðlagðar í samræmi við b- og c-lið 5. mgr.,

$f$  = gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr.,

$t$  = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðirnar  $A_{2,IRB}$  og  $A_{4,IRB}$  sem skattfrádrátt,

2. Stofnanir skulu reikna út fjárhæðirnar  $A_{2,SA}$  og  $A_{2,IRB}$  sem um getur í, eftir því sem við á, a- og b-liðum annarrar undirgreinar 1. mgr. sem þá hærri af fjárhæðunum sem um getur í a- og b-liðum þessarar málsgreinar, aðskilið fyrir áhættuskuldbindingar þeirra sem falla undir áhættuvog í samræmi við 2. kafla II. bóls þriðja hluta og fyrir áhættuskuldbindingar þeirra sem falla undir áhættuvog í samræmi við 3. kafla II. bóls þriðja hluta:

a) núll,

b) fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við i. lið, lækkuð um fjárhæðina sem reiknuð er í samræmi við ii. lið:

i) samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.5. í IFRS-staðli 9 eins og fram kemur í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 („Viðauki sem varðar IFRS-staðal 9“) og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.3. í viðaukanum sem varðar IFRS-staðal 9 frá og með 1. janúar 2018 eða á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 9,

ii) heildarfjárhæð virðisrýrnunartaps af fjáreignum sem flokkast sem lán og viðskiptakröfur, fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga og fjáreignir til sölu, eins og skilgreint er í 9. mgr. IAS-staðals 39, aðrar en eiginfjárgæmingar og hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sem ákvarðaðar eru í samræmi við 63., 64., 65., 67., 68. og 70. mgr. IAS-staðals 39 eins og fram kemur í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 frá og með 31. desember 2017 eða daginn fyrir upphafsdag beitingar IFRS-staðals 9.

3. Stofnanir skulu reikna út fjárhæðina, sem fjárhæðin sem um getur í a-lið fer upp fyrir fjárhæðina sem um getur í b-lið, aðskilið fyrir áhættuskuldbindingar þeirra sem falla undir áhættuvog í samræmi við 2. kafla II. bóls þriðja hluta og fyrir áhættuskuldbindingar þeirra sem falla undir áhættuvog í samræmi við 3. kafla II. bóls þriðja hluta:

a) samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.5. í viðaukanum sem varðar IFRS-staðal 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.3. í viðaukanum sem varðar IFRS-staðal 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreignanna sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS-staðal 9 frá og með skýrsluskiladeginum,

b) samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.5. í viðaukanum sem varðar IFRS-staðal 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.3. í viðaukanum sem varðar IFRS-staðal 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreignanna sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS-staðal 9 frá og með 1. janúar 2018 eða á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 9.

4. Fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir áhættuvog í samræmi við 2. kafla II. bóls þriðja hluta, þegar fjárhæðin sem tilgreind er í samræmi við a-lið 3. mgr., fer yfir fjárhæðina sem tilgreind er í b-lið 3. mgr., skulu stofnanir setja  $A_{4,SA}$  sem jafnt og mismunurinn á milli þessara fjárhæða, að öðrum kosti skulu þær setja  $A_{4,SA}$  jafnt og núll.

Fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir áhættuvog í samræmi við 3. kafla II. bóls þriðja hluta, þegar fjárhæðin sem tilgreind er í samræmi við a-lið 3. mgr., eftir að b-lið 5. mgr. er beitt, fer yfir fjárhæðina fyrir þessar áhættuskuldbindingar eins og tilgreint er í b-lið 3. mgr., eftir að c-lið 5. mgr. er beitt, skulu stofnanir setja  $A_{4,IRB}$  sem jafnt og mismunurinn á milli þessara fjárhæða, að öðrum kosti skulu þær setja  $A_{4,IRB}$  jafnt og núll.

5. Fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir áhættuvog í samræmi við 3. kafla II. bóls þriðja hluta, skulu stofnanir beita 2. til 4. mgr. á eftirfarandi hátt:

a) fyrir útreikninginn á  $A_{2,IRB}$  skulu stofnanir lækka hverja af fjárhæðunum sem reiknaðar eru út í samræmi við i. og ii. lið b-liðar 2. mgr. þessarar greinar með samtölunni á fjárhæðum áætlaðs taps sem reiknaðar eru út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. frá og með 31. desember 2017 eða daginn fyrir upphafsdag beitingar IFRS-staðals 9. Ef niðurstaða

útreikningsins fyrir fjárhæðina sem um getur í i. lið b-liðar 2. mgr. þessarar greinar er neikvæð tala skal stofnunin setja virðið á þeirri fjárhæð sem jafnt og núll. Ef niðurstaða útreikningsins, fyrir fjárhæðina sem um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr. þessarar greinar, er neikvæð tala skal stofnunin setja virðið á þeirri fjárhæð sem jafnt og núll,

- b) stofnanir skulu skipta út fjárhæðinni sem reiknuð er út í samræmi við a-lið 3. mgr. þessarar greinar með samtölu áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.5. í viðaukanum sem varðar IFRS-staðal 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.3. í viðaukanum sem varðar IFRS-staðal 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreignanna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS-staðal 9, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknaðar eru út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. frá og með skýrsluskiladeginum. Ef niðurstaða útreikningsins er neikvæð tala skal stofnun setja virðið á fjárhæðinni sem um getur í a-lið 3. mgr. þessarar greinar sem jafnt og núll,
- c) stofnanir skulu skipta út fjárhæðinni sem reiknuð er út í samræmi við b-lið 3. mgr. þessarar greinar með samtölu áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.5. í IFRS-staðli 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við málsgrein 5.5.3. í viðaukanum sem varðar IFRS-staðal 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreignanna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS-staðal 9, frá og með 1. janúar 2018 eða á upphafsdegi beitingar IFRS-staðals 9, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknaðar eru út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. Ef niðurstaða útreikningsins er neikvæð tala skal stofnun setja virðið á fjárhæðinni sem um getur í b-lið 3. mgr. þessarar greinar sem jafnt og núll,

6. Stofnanir skulu beita eftirfarandi stuðlum til að reikna út fjárhæðirnar  $AB_{SA}$  og  $AB_{IRB}$  sem um getur í a- og b-liðum annarrar undirgreinar 1. mgr. eftir því sem við á:

- a) 0,95 á tímabilinu frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018,
- b) 0,85 á tímabilinu frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2019,
- c) 0,7 á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020,
- d) 0,5 á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021,
- e) 0,25 á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022.

Stofnanir með fjárhagsár sem hefst eftir 1. janúar 2018 en fyrir 1. janúar 2019 skulu aðlaga dagsetningarnar í a- til e-liðum fyrstu undirgreinar svo að þær samsvari fjárhagsári þeirra, og skulu tilkynna aðlöguðu dagsetningarnar til lögbærri yfirvalda sinna og gera þær opinberar.

Stofnanir sem byrja að beita reikningsskilastöðlunum, eins og um getur í 1. mgr., 1. janúar 2019 eða síðar skulu beita viðkomandi stuðlum í samræmi við b- til e-liðar fyrstu undirgreinar og byrja með stuðlinn sem samsvarar árinu sem þessum reikningsskilastöðlum er beitt fyrst.

7. Ef stofnun tekur með í sitt almenna eigið fé þáttar 1 fjárhæð í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal hún endurreikna allar kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í tilskipun 2013/36/ESB sem nota einhverja af eftirfarandi liðum, með því ekki að taka tillit til áhrifanna sem varúðarniðurfærslurnar vegna áætlaðs útlánataps sem innifaldar eru í almennu eigin fé þáttar 1 hafa á þessa liði:

- a) fjárhæð frestaðrar skattinneignar sem er dregin frá almennu eigin fé þáttar 1 í samræmi við c-lið 1. mgr. 36. gr. eða áhættuvegin í samræmi við 4. mgr. 48. gr.,

- b) virði áhættuskuldbindingarinnar eins og ákvarðað er í samræmi við 1. mgr. 111. gr. þar sem sértæka leiðréttingin á útlánaáhættu sem virði áhættuskuldbindingarinnar skal lækka eftir, skal margfölduð með eftirfarandi kvarðastuðli (sf):

$$sf = 1 - (AB_{SA}/RA_{SA})$$

þar sem:

$AB_{SA}$  = fjárhæðin sem reiknuð er út í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr.,

$RA_{SA}$  = heildarfjárhæðin á sértæku leiðréttingunni á útlánaáhættu,

- c) fjárhæðin á liðum eiginfjárbáttar 2 í samræmi við d-lið 62. gr.

8. Á tímabilinu sem sett er fram í 6. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir sem hafa ákveðið að beita umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein, í viðbót við upplýsingarnar sem birta skal samkvæmt áttunda hluta, birta fjárhæðir eiginfjárgrunns, almennt eigið fé þáttar 1 og eiginfjárbátt 1, hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1, hlutfall eiginfjárbáttar 1, heildareiginfjárlutfallið og vogunarhlutfallið sem þær væru með ef þær beittu ekki þessari grein.

9. Stofnanir skulu ákvarða hvort beita á fyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein á umbreytingartímabilinu og skulu upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína eigi síðar en 1. febrúar 2018. Ef stofnun hefur fengið fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu getur hún í eitt skipti, á umbreytingartímabilinu, dregið til baka upphaflega ákvörðun sína. Stofnanir skulu birta opinberlega sérhverja ákvörðun sem tekin er í samræmi við þessa undirgrein.

Stofnun sem hefur ákveðið að beita umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein getur ákveðið að beita ekki 4. mgr. og skal í því tilviki upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína eigi síðar en 1. febrúar 2018. Í slíku tilviki skal stofnunin setja fjárhæðina  $A_4$  sem um getur í 1. mgr. sem jafnt og núll. Ef stofnun hefur fengið fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu getur hún í eitt skipti, á umbreytingartímabilinu, dregið til baka upphaflega ákvörðun sína. Stofnanir skulu birta opinberlega sérhverja ákvörðun sem tekin er í samræmi við þessa undirgrein.

10. Í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) gefa út leiðbeiningar eigi síðar en 30. júní 2018 um birtingarkröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein.“,

- 2) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 493. gr.:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. 395. gr. geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að stofna til einhverra af áhættuskuldbindingunum, sem mælt er fyrir um í 5. mgr. þessarar greinar, sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 6. mgr. þessarar greinar, upp að eftirfarandi takmörkum:

- a) 100% af eiginfjárbætti 1 stofnunarinnar fram til 31. desember 2018,
- b) 75% af eiginfjárbætti 1 stofnunarinnar fram til 31. desember 2019,
- c) 50% af eiginfjárbætti 1 stofnunarinnar fram til 31. desember 2020.

Takmörkin sem um getur í a-, b- og c-liðum fyrstu undirgreinar skulu gilda um virði áhættuskuldbindinga eftir að tekið er tillit til áhrifanna af mildun útlánaáhættu í samræmi við 399. til 403. gr.

5. Umbreytingarfyrirkomulagið sem sett er fram í 4. mgr. skal gilda um eftirfarandi áhættuskuldbindingar:

- a) eignaliði sem fela í sér kröfur á ríkisstjórn, seðlabanka, eða opinbera aðila í aðildarríkjum,

- b) eignaliði sem fela í sér kröfur sem með skýrum hætti eru tryggðar af ríkisstjórnnum, seðlabönkum, eða opinberum aðilum í aðildarríkjum,
- c) aðrar áhættuskuldbindingar vegna, eða sem tryggðar eru af, ríkisstjórnnum, seðlabönkum, eða opinberum aðilum í aðildarríkjum,
- d) eignaliði sem fela í sér kröfur á héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld aðildarríkja sem meðhöndlaðar eru sem áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórnar í samræmi við 2. mgr. 115. gr.,
- e) aðrar áhættuskuldbindingar vegna, eða sem tryggðar eru af, héraðsstjórnnum eða staðaryfirvöldum aðildarríkja sem meðhöndlaðar eru sem áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórnar í samræmi við 2. mgr. 115. gr.

Að því er varðar a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar skal umbreytingarfyrirkomulagið sem sett er fram í 4. mgr. þessarar greinar eingöngu gilda um eignaliði og aðrar áhættuskuldbindingar vegna, eða sem tryggðar eru af, opinberum aðilum sem meðhöndluð eru sem áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórnar, héraðsstjórnar eða staðaryfirvalds í samræmi við 4. mgr. 116. gr. Þegar eignaliðir og aðrar áhættuskuldbindingar vegna, eða sem tryggðar eru af, opinberum aðilum eru meðhöndluð sem áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórnar eða staðaryfirvalda í samræmi við 4. mgr. 116. gr., skal umbreytingarfyrirkomulagið sem sett er fram í 4. mgr. þessarar greinar eingöngu gilda þegar áhættuskuldbindingar vegna þeirrar héraðsstjórnar eða staðaryfirvalds eru meðhöndlaðar sem áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórnar í samræmi við 2. mgr. 115. gr.

6. Umbreytingarfyrirkomulagið sem sett er fram í 4. mgr. þessarar greinar skal eingöngu gilda ef áhættuskuldbinding sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- a) áhættuskuldbindingunni yrði úthlutað áhættuvog 0% í samræmi við þá útgáfu af 2. mgr. 495. gr. sem er í gildi 31. desember 2017,
- b) stofnað var til áhættuskuldbindingarinnar 12. desember 2017 eða síðar.

7. Áhættuskuldbinding, eins og um getur í 5. mgr. þessarar greinar, sem stofnað var til fyrir 12. desember 2017 og sem 31. desember 2017 var úthlutað áhættuvog 0% í samræmi við 2. mgr. 495. gr. skal undanskilin beitingunni á 1. mgr. 395. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 12. desember 2017.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. MAASIKAS

*forseti.*